

Tungufellsdalur og vefrallý.

Svarið eftirfarandi spurningum með því að nota ykkur tenglana hér til hægri.

Í dag erum við sérstaklega að skoða vef Náttúrufræðistofnunar Íslands.

- 1.Hver gaf út fyrsta jarðfræðikortið á Íslandi og hvenær?
- 2.Hvað sýna jarðfræðikort?
- 3.Hvað táknar guli liturinn á þessu korti?
- 4.Hvað er steind? Nefndu dæmi um hvernig þær eru flokkaðar.
- 5.Hvaða nýja íslenska steind fannst fyrir nokkrum árum?
- 6.Hvað er merkilegt við móberg?
- 7.Segið frá myndun Surtseyjar.
- 8.Segðu frá flokkun bergs.
- 9.Hvaða berg er algengast á Íslandi?
- 10.Hvað eru jarðminjar (geosites)?
- 11.Hvaða viðmið eru notuð við mat á verndargildi jarðminja á Íslandi?
- 12.Hvaða hættur steðja að jarðminum?
- 13.Hvað er grunnvatn?
- 14.Skoðið Katla geopark Hvað er jarðvangur?

1.Guðmundur Kartansson gaf út fyrsta jarðfræðikortið árið 1962

2. “ Jarðfræðikort af Íslandi, berggrunnur og höggunarkort, í mælikvarða 1:600.000 komu út í ágúst 2009. Kortin eru byggð á sambærilegum kortum í mælikvarða 1:500.000 útgefnum af Náttúrufræðistofnun Íslands 1998. Ekki er um nýja kortlagningu að ræða, en gerðar voru ýmsar lagfæringar og leiðréttingar. Nýju kortin eru með skyggingu til þess að draga betur fram landslag. Auk skýringa á íslensku og ensku, fylgja nú einnig skýringar á frönsku og þýsku. Á bakhlið kortanna eru nú ljósmyndir og stuttar lýsingar á fjórum tungumálum á þeim einingum og fyrirbærum sem koma fram á kortunum ,, <http://www.ni.is/jardfraedi/jardfraedikort/>

3 ljós guli táknar = súr hraun eftir ísöld forsöguleg eldri en 1100 dekra gult= súrt gosberg dökk gult súrt innskotsberg

4. "Steindir (e. mineral) eru skilgreindar sem náttúrulegt, einsleitt, fast efni með ákveðna efnasamsetningu og skipulega röðun frumeinda, yfirleitt myndað í ólífrænum ferlum. Meira en 4000 tegundir steinda eru þekktar í heiminum; á Íslandi hafa fundist rúmlega 300 tegundir. Steindir má flokka á ýmsa vegu. Þannig má skipta steindum í frumsteindir og síðsteindir. Frumsteindir myndast við storknun bergkviku þegar bergið verður til. Ólivín, plagíóklas og ágít eru dæmi um algengar frumsteindir. Síðsteindir myndast við ummyndun bergsins. Dæmi um slíkt eru seólítar sem falla út í holum og sprungum í berginu þegar heitt vatn leikur um það. „ <http://www.ni.is/jardfraedi/Steindir/>

5. "Staðfest hefur verið að skærblá steind sem fannst á Austurlandi 2001 er cavansít, (e: cavansite) afar sjaldgæf steind sem hefur aðeins fundist á tveimur öðrum stöðum í heiminum.

Steindin cavansít hefur efnasamsetninguna  $\text{Ca}(\text{VO})\text{Si}_4\text{O}_{10}\cdot 4\text{H}_2\text{O}$ . Cavansít kristallast í tígulkerfinu og eru kristallarnir prismaískir og mynda oft geisla. Cavansít hefur glergljáa og er skær grænblátt eða himinblátt á litinn. Harkan er 3-4 á Moh's skala, það er því aðeins harðara en kalsít. Klyfni {010} er góð. „ <http://www.ni.is/jardfraedi/Steindir/Nyislensksteind/>

6. "Surtsey, syðsta eyjan í Vestmannaeyjaklasanun, myndaðist við eldgos 1963-1967. Sprengigos einkenndu Surtseyjarelda fyrst í stað og mikið magn af gjósku (gosösku) myndaðist, en síðan tóku við hraungos. Surtseyjareldar eru þess vegna að mörgu leyti sambærilegir þeim gosum sem skópu móbergsfjöllin á Ísöld. Basaltgler gjóskunnar ummyndast auðveldlega í palagónít. Breytingin veldur því að gjóskukornin límast saman í þétt berg, móberg. Fyrsti votturinn af móbergi á yfirborði fannst í nóvember 1969. Síðan hefur verið fylgst grannt með móbergsmynduninni á yfirborði, en einnig hafa verið gerðar rannsóknir á borkjarna sem tekinn var árið 1979. „

<http://www.ni.is/jardfraedi/rannsoknir/moberg/>

7. "Surtsey myndaðist í neðansjávargosi í nóvember 1963, þar sem fyrir var um 130 m sjávardýpi. Framan af, meðan sjór komst í gíginn, tókust á vatn og glóandi hraunbráð með miklum sprengingum sem mynduðu gosösku og gjall. Eldingar voru tíðar í þessum þætti gossins. Gígurinn var nefndur Surtur en eyjan Surtsey. Um mánaðamótin janúar-febrúar 1964 hætti gosið í Surti en hófst tveimur dögum síðar á nýjum gíg norðvestan við hinn upprunalega, og nefndust þeir síðan Surtur I og II. Þá hafði eyjan orðið hæst 174 m yfir sjávarmál. Þegar gígurinn lokaðist loks fyrir ágangi sjávar 4. apríl 1964 breyttist sprengigosið í hraunstrókvirkni og flæðigos, og hraundyngja hlóðst upp kringum Surt II fram til 17. maí 1965.„ <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=51770>

8.